

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2001

frá 13. júlí 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2001 frá 18. maí 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilteknar gerðir sem eru hluti af I. kafla I. viðauka skulu færðar og felldar undir nýjar fyrirsagnir.
- 3) Ákvörðun þessi gildir ekki um Ísland og Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. 53. liður (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE), 72. liður (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/693/EB) og 174. liður (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/94/EB) í hluta 8.2 skulu felldir brott og teknir inn sem nýir 1., 2. og 3. liður undir eftirfarandi fyrirsögn:

„8.3.0 Sæði, egg og fósturvísar“.

2. 156. liður (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/252/EBE), 164. liður (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/71/EB) í hluta 8.2 skulu felldir brott og teknir inn sem nýir 1. og 2. liður undir eftirfarandi fyrirsögn:

„8.3.6 Mjólk og mjólkurvörur“.

3. 114. liður (ákvörðun ráðsins 95/408/EB) í hluta 8.2 falli brott.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 58 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 14. júlí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 13. júlí 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.